

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7.3.2022  
Tilvísun: 20220203272

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (vistvæn skip) – þskj. 44, 44. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. febrúar 2022 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að við innflutning og skattskylda sölu nýrra skipa og báta sem falla undir vöruliði 8901, 8902, 8903, 8904, 8905 eða 8906 í tollskrá, og eingöngu eru knúnir rafmagni sem orkugjafa, skuli á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2023 fella niður virðisaukaskatt af söluverði eða það talið til undanþeginnar veltu. Jafnframt er lagt til að hið sama gildi við innflutning og fyrstu sölu notaðra skipa og báta sem eingöngu nýta rafmagn sem orkugjafa að því tilskildu að farartækið sé þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Af þessu tilefni telur ríkisskattstjóri rétt að benda á að sala og útleiga skipa án tillits til orkunotkunar er nú þegar undanþegin skattskyldri veltu, sbr. ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þá er innflutningur þeirra einnig undanþeginn virðisaukaskatti samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. sömu laga og einnig er skipasmíði, viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og báta undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. sömu laga. Þessar undanþágur gilda óháð því hvort viðkomandi skip eða bátur sé nýttur í virðisaukaskattsskyldri starfsemi eða ekki. Þegar af þessari ástæðu myndi ívilnun samkvæmt frumvarpinu ekki breyta því réttarástandi sem nú er til staðar hvað framangreind tilvik varðar. Öðru máli kann að gegna um skip sem eru undir 6 metrum að lengd og skemmtibáta, sem ofangreindar undanþágur taka ekki til og í þeim tilfellum væri um ný réttaráhrif að ræða, en þá einvörðungu gagnvart síðast greindum tilvikum. Í þessu samhengi skal þó jafnframt bent á að ef skip undir 6 metrum að lengd og skemmtibátar eru sannanlega notaðir í virðisaukaskattsskyldri starfsemi fæst virðisaukaskattur af öflun þeirra frádreginn sem innskattur samkvæmt 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr., laga nr. 50/1988.

Standi vilji Alþingis til þess að samþykkja þetta frumvarp þykir ríkisskattstjóra þó rétt að benda á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XL við lög nr. 50/1988, sem vísað er til sem fyrirmyndar í greinargerð með frumvarpinu, og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV við sömu lög, eru heimildir af þessum toga bundnar tilteknum skilyrðum, svo sem um hámarksfjárhæð ívilnunar, tilkynningarskyldu vegna sölu og takmarkanir á fjölda farartækja sem falla undir ákvæði þessi. Í þessu tilviki mætti jafnframt skoða hvort ástæða sé til að setja takmarkanir innan tilgreindra vöruliða samkvæmt frumvarpinu. Með fyrirvara um að ekki var unnt að framkvæma ítarlega greiningu við undirbúning þessarar umsagnar, þá virðist svo sem fyrir segja að þau skip og bátar sem falla undir vöruliðina 8901, 8902, 8904 og 8905 falli sjálfkrafa undir framangreind


undarþáguákvæði 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, en undir vöruliðinn 8903 falla hins vegar til að mynda snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför, árabátar og kanóar, og undir vöruliðinn 8906 falla önnur för, þ.m.t. herskip, björgunarbátar, þó ekki árabátar, og ómannaðir kafbátar.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að Faxaflóahafnir hafi þegar fellt niður bryggju- og lestargjald vegna rafknúinna báta. Af því tilefni skal bent á að samkvæmt bráðabirgðaákvæði við gjaldskrá sem birt er á vefsíðu Faxaflóahafna sf., [faxafloahafnir.is](http://faxafloahafnir.is), kemur fram að bátar sem alfarið séu knúnir rafmagni og notaðir til skipulagðra siglinga með farþega séu undanþegnir þessu gjaldi til ársloka 2025.

Að lokum skal bent á að í síðari málslið tillögunnar er notað orðið „farartæki“ sem telja verður nokkuð ónákvæmt í þessu sambandi vegna víðtækrar merkingar þess orðs. Heppilegra væri að nota hér nafnorðið „farið“ eða orðasambandið „viðkomandi skip eða bátur“.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra

  
Óskar H. Albertsson

  
Bjarni Amby Lársson